

## **17. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 5. maí 2000 kl. 8:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Ragna Halldórsdóttir og Ásmundur Reykdal.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

### **Fundargerð aðalfundar.**

Fundargerð aðalfundar samþykkt.

### **Stjórn skiptir með sér verkum.**

Umfjöllun um málið frestað.

### **Bréf frá Línuhönnun**

Lagt fram bréf frá Verkfræðistofunni Línuhönnun, þar sem fyrirtækið býður FENÚR aðstoð við framkvæmd vistferlisgreiningar (LCA). Samþykkt að bjóða fulltrúum Línuhönnunar til viðræðna um málið. Stefnt að því að halda fundinn 16. maí nk. kl. 15:00-15:30. G.B. tekur að sér að boða til fundarins.

### **Aðalfundur ISWA 2. júlí.**

Ákveðið að formaður G.B. sækir fundinn fyrir hönd FENÚR

### **Starfshópar og ráðgjafastjórn.**

Rætt um starfshópa og hvort stefna eigi að því að sameina einhverja hópana. Einnig rætt um hvernig best sé að gera ráðgjafastjórn FENÚR virkari í félagsstarfinu. Ákveðið að fjalla frekar um málið á næsta fundi,

### **Önnur mál.**

R.H. og I.A. greina frá stöðu mála í nefndarstarfi "STENÚR", starfshóps um endurvinnslu og úrgangsminnkun á vegum Umhverfissráðuneytis. Samþykkt að Ögmundur Einarsson, fulltrúi FENÚR í DNR (Det Nordiske Renholdningsudskottet) sækir fund samtakanna 5-6 júní nk.

Fundi slitið 09:20. Dagsetning næsta fundar ekki ákveðin.

Á.R.